



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað
23. árgangur
Mars 2020



*Orlofsstaðir 2020
Sprawy urlopowe
Holiday matters*



Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Í Skarðsdalsskógi við Siglufjörð
Ljós.: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið



Hvetjum til rafrænna samskipta

Í ljósi þeirra ráðlegginga sem sóttvarnarlæknir hefur gefið frá sér vegna útbreiðslu COVID-19 veirunnar, viljum við hvetja félagsmenn til að nýta sér síma, tölvupóst og vefsíðu félagsins fremur en að mæta á skrifstofurnar ef hægt er.

Eining-Iðja vill vekja athygli félagsmanna á að fjöldi erinda við félagið er hægt að sinna í gegnum síma og með tölvupósti. Sími félagsins er 460 3600 en einnig má senda póst á ein@ein.is og bregst starfsfólk félagsins hratt við erindum. Með því að nota síma og tölvupóst þegar unnt er - minnkum við líkur á að Corona vírusinn svokallaði breiðist hraðar út en efni standa til.

Eining-Iðja would like to advise our members to use telephone or email in communications with the union - instead of coming to our offices. Our telephone is 460 3600 and our email ein@ein.is By communicating with phone and email instead of direct contact, we might delay the spreading of the Corona virus.



 ENOR

Hafnarstræti 53
600 Akureyri

S 430 1800
E enor@enor.is

www.enor.is

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi


- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarféлага



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is




Hvað er tilgreind séreign?



Tryggingadeild

- Ævilöng eftirlaun
- Örorkulífeyrir
- Makalífeyrir
- Ávaxtast í hlutfalli við ávöxtun sjóðsins

Sjóðfélagi getur valið hvort allt að 3,5% mótframlags launagreiðanda fari í tilgreinda séreign í stað tryggingadeilda.



Tilgreind séreign*

- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall
- Ávaxtast eftir ávöxtunarleið tilgreindrar séreignar

* Eíngöngu val fyrir þá sem falla undir kjarasamninga ASÍ og SA eða kveðið sé á um það í ráðningarsamningi.



Séreignardeild

- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall
- Ávaxtast eftir ávöxtunarleið sem þú velur
- Heimilt að ráðstafa skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og inn á íbúðalán



Orlof 2020

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á nýjum Orlofshúsavef félagsins!

Ágætu félagar!

Enn og aftur er runninn upp sá tími ársins að ykkur berst í hendur orlofsblað félagsins, enda er daginn tekið að lengja og þá er tímabært að fara að huga að sumarleyfunum og þeim möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn Einingar-löju. Í þessu orlofsblaði eru þeir möguleikar kynntir og ýmsar aðrar upplýsingar sem máli skipta fyrir félagsmenn sem hug hafa á að nýta sér þá orlofskosti sem í boði eru. Megináhersla er eins og áður lögð á að kynna þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum.

Nýlega rann út frestur til að senda inn umsókn fyrir íbúðina á Spáni, sem er nýr orlofskostur fyrir félagsmenn næsta sumar og kynntur var í júlabyggingu félagsins. Alls sóttu á þriðja tug félagsmanna um þau níu tímabil sem í boði voru.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Þá verður sagt frá orlofsferðum sumarsins, sem áttu að vera þrjár en verða einungis tvær þar sem hætt var við utanlandsferðina til Ítalíu vegna COVID-19.

Nýr orlofshúsavefur

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á nýjum orlofshúsavef félagsins. Í blaðinu má finna upplýsingar/skýringarmyndir til að auðvelda umsóknarferlið.

Hægt er að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum í síma eða á korti. Ef þú lendir í vandræðum við að senda inn umsókn getur þú fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

Ekki bara hús í boði

Að venju geta félagsmenn sótt um „Orlof að eigin vali,“ og keypt gistið á nokkur hótél, en með tilkomu nýs Orlofshúsavefs félagsins verða fleiri hótél í boði en áður. Þá verður enn og aftur boðið upp á að kaupa Veiðikortið og Útilegukortið á sérkjörum.

Gæludýr

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins, nema í orlofshúsi sem félagið leigir í Húsafelli og í íbúð sem félagið leigir í Súðavík. Dæmi eru um að slæm ofnæmistifelli hafi komið upp og því er komið inn í leigusamning að leigutaki skuldbindur sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Þó svo að orlofsblað félagsins sé borið inn á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu geta einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu.

Um leið og við óskum þess að sem flestir fái notið þess sem í boði er þá hvetjum við sem fyrr til þess að leigjendur og allir félagsmenn taki höndum saman um að ganga sem best um húsin okkar.

Munum: Húsin eru sameign okkar félagsmanna og ef allir umgangast þau í samræmi við það verður dvöl allra í þeim betri og ánægjulegri.

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, ein@ein.is eða á www.ein.is og þar fer skráning einnig fram. **Síðasti skiladagur umsókna er fimmtudagurinn 2. apríl**, en úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar. Þeir sem fá úthlutað þurfa að vera búnir að ganga frá greiðslu í síðasta lagi mánudaginn 4. maí. Í byrjun maí verður opnað á netinu fyrir laus hús. Þá gildir fyrstir koma, fyrstir fá.

Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi og minnir á að ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því er mikilvægt að geyma það og hafa við höndina.

Orlof að eigin vali



Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „Orlof að eigin vali“ og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Í ár mun félagið verja allt að kr. 7.500.000 í „Orlof að eigin vali.“ Félagsmenn geta sótt um 300 slíka styrki, hver þeirra er að upphæð kr. 25.000, og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum.

Sækja þarf um í síðasta lagi 2. apríl nk.

ATHUGIÐ! Einungis hægt að sækja um rafrænt, á nýjum Orlofshúsavef félagsins. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu eða eru í vandræðum með að sækja um í gegnum félagavefinn geta fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi (ATHUGIÐ! ekki þau sem eru í eigu Einingar-löju),

hótelherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, flugfar innanlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins. Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 25.000, en þó aldrei hærra en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„Orlof að eigin vali“ gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

ATHUGIÐ! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. reikningum eða farseðlum!

FERMINGAR 2020




SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Í VEFVERSLUN

asprent.is

 **ásprent**

Glerárgötu 28 / 600 Akureyri / 4 600 700





„Mínar síður“ og Orlofshúsaverfur

Nú hefur Eining-lója tekið í notkun nýtt Orlofshúsakerfi, **Frímann**, sem kemur í staðinn fyrir Félagavefinn sem Eining-lója hefur verið með í notkun undanfarin ár. Búið er að opna fyrir nýjan Orlofshúsavef á heimasíðu félagsins, www.ein.is, og „Mínar síður“ eru væntanlegar á næstunni.

Frímann orlofshúsakerfið

Nýr Orlofshúsaverfur félagsins er einfalt kerfi fyrir orlofs eignir. Félagsmenn geta skráð sig inn og sótt um eða pantað orlofseignir og gengið frá greiðslu samstundis. Úthlutunarvælin er ein sú öflugasta sem í boði er. Til að flýta fyrir úthlutun er hún sívirk á umsóknartímabilinu og raðar umsækjendum orlofseigna á þann stað í úthlutunarröð sem þeir eiga að vera á strax við innsendingu umsóknar.

Þegar gengið hefur verið frá greiðslu sendir kerfið samning í tölvupósti til kaupanda. Kaupandi getur einnig óskað eftir því að fá samning sendan í bréfaþósti og sendir kerfið þá tilkynningu til kerfisstjóra til áminningar.

Með miðakerfinu í Frímann getur félagið boðið félagsmönnum upp á að kaupa miða sem gilda á fleiri hótél en áður. Undanfarin ár hefur félagið verið með niðurgreidda miða á Kea hótélin, Íslandshótélin og Hótél Eddu. Núna geta félagsmenn einnig keypt niðurgreidda miða á Icelandair hótélin, Hótél Keflavík, Alba gistiheimili, Hótél Ísafjörð, Hótél Vestmannaeyjar, Hótél Heydalur og Hótél Blanda.

Einnig verður félagið þarna inni með til sölu Útilegu-kortið og Veiðikortið, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Áfram verður hægt að kaupa þessi kort á skrifstofum félagsins.

Ekki þarf að skrá sig inn til að skoða hvaða eignir, eða miðar á hótél eru í boði. Einungis þarf að skrá sig inn ef viðkomandi ætlar að sækja um hús, íbúð eða Orlof að eigin vali þegar sumarúthlutun er í gangi, panta hús eða íbúð að vetri til eða kaupa gistinguþing eða kort sem í boði eru allt árið um kring.

Frímann félagakerfið – „Mínar síður“

Félagakerfið í Frímann heldur utan um punktastögu félagsmanna, það dregur sjálfkrafa frá punkta sem félagsmenn nýta. Hægt verður að sjá greiðslur frá félaginu og þá munu félagsmenn getað skoðað og sótt rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóð og fræðslusjóð á mun einfaldari hátt en nú er í boði.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða vel upplýsingar um sig á „Mínum síðum“ og laga ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Hnappana Orlofshúsaverfur eða „Mínar síður“ má finna svo að segja efst og til hægri á heimasíðu félagsins. Innskráning fer svo fram með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, en auðkenningin eða innskráningin fer fram í gegnum island.is.



Orlofsferðir félagsins

Í ár, eins og undanfarin ár, var ákveðið að bjóða upp á þrjár ferðir; utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn.

Ferðirnar verða þó einungis tvær því ákveðið var að hætta við utanlandsferð sem í boði var til Ítalíu. Það var ákveðið vegna þess að búið var að skilgreina alla Ítalíu sem hættusvæði vegna corona-veirunnar, og á svæðinu sem fara átti um höfðu þá flest smit-tilfelli greinst. Í bréfi sem sent var á þá sem búin voru að skrá sig í ferðina segir m.a. að „það er ljóst að þótt nokkuð sé í ferðina þá er óvissan óviðunandi. Þetta var erfið ákvörðun, ekki síst þar sem aldrei hafa jafnmargir skráð sig til farar með okkur en einmitt nú. ... Enn og aftur! Þetta er hundleiðinleg staða, en það er skárri að gera þetta núna, en vera í óvissu í marga mánuði og lenda jafnvel í miklu meiri kostnaði ef ferðin yrði svo ekki farin á endanum.“ Það varð uppselt í utanlandsferðina svo að segja strax og opnað var fyrir skráningar og aukasæti sem félagið fékk seldust upp um leið og þau voru auglýst.

Félagið mun skoða að bjóða upp á samskonar ferð á sama tíma árið 2021.

Flateyjardalur

Skráning stendur yfir í dagsferð sem farin verður út í Flateyjardal laugardaginn 29. ágúst 2020.

Hámarksfjöldi er 90 manns en þegar blaðið fór í prentun voru um 60 nú þegar skráðir í hana. Farið verður með rútu frá Akureyri. Nauðsymlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, innifalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.

Leiðsögumaður verður með í för.

Eins dags ferðin

Síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn sem verður **26. júní nk.** Farið verður austur í Bárðardal þar sem snæddur verður hádegisverður. Þaðan verður farið í Mývatnssveit, ekinn Aðaldalurinn og að lokum til Akureyrar. Kaffi verður drukkið á Stórutjörnum.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni.

Íbúðin á Spáni

- á þriðja tug félagsmanna sóttu um

Í blaði félagsins kom út í desember var sagt frá því að félagið ætlaði nú í þriðja sinn að bjóða félagsmönnum upp á íbúðina á Spáni næsta sumar. Nýlega rann út frestur til að skila inn umsókn fyrir þessa íbúð og sóttu á þriðja tug félagsmanna um leigurnar níu sem í boði voru. Hver leiga er í tvær vikur og því er um að ræða 18 vikur í heildina sem félagsmenn dvelja í þessari íbúð næsta sumar. Íbúðin er á efri sérhæð í nýlegum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife.



Nýr kjarasamningur við ríkið

Samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands, fyrir hönd 18 aðildarféлага sinna, skrifaði þann 6. mars sl. undir nýjan kjarasamning við samninganefnd ríkisins með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu. Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.

Félagið er búið að halda tvo kynningarfundir á svæðinu, á Akureyri og í Fjallabyggð, þar sem Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, fór yfir helstu atriði samningsins. Rafræn atkvæðagreiðsla um samninginn stendur nú yfir og mun henni ljúka 26 mars nk. **Félagsmenn sem starfa hjá ríkinu eru eindregið hvattir til að nýta réttindi sín og greiða atkvæði.**

- Helstu atriði samningsins eru sem hér segir:
- ▶ Laun hækka í samræmi við lífskjarasamninginn og hækka frá 1. apríl 2019.
 - ▶ Lágmarksorlof hjá öllum starfsmönnum verður 30 dagar.
 - ▶ Markviss skref til styttingar vinnuvikunnar. Frá 1. janúar 2021 styttist vinnuvikan um samtals 65 mínútur fyrir fólk í fullu starfi.
 - ▶ Vinnuvika vaktavinnufólks verður 36 stundir m.v. fullt starf og nýtt launamyndunarkerfi tekið upp. Breytingar á fyrirkomulagi vaktavinnufólks sem býður upp á manneskjulegra umhverfi með styttri vinnuviku, þar sem



Trúnaðarmenn sem starfa hjá ríkinu fá hér kynningu á nýja samningnum.

- miðað er að bættari heilsu, auknu öryggi og betri samþættingu einkalífs og vinnu.
- ▶ Tekin er upp ný launatafla sem byggir á álagsþrepum en ekki aldursþrepum, í tengslum við það eru stofnanasamningar endurskoðaðir og er ráðstafað allt að 142 milljónum króna vegna þessa.
- ▶ Framlag í orlofssjóð hækkar.
- ▶ Fellt út ákvæði um að heimilt sé að láta fólk gista í tjöldum.

- ▶ Full orlofsuppbót hækkar úr 50.000 kr. árið 2019 í 53.000 kr. árið 2022.
- ▶ Full persónuuppbót (desemberuppbót) hækkar úr 92.000 kr. árið 2019 í 98.000 kr. árið 2022.
- ▶ Tekið er upp nýtt ákvæði að félagsmenn sem starfað hafa samfelt í 3 ár geta fengið launað leyfi í samtals þrjú mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.

Þríhliða sátt um viðbrögð við COVID-19

Ríkisstjórn Íslands, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands náðu fyrr í mars þríhliða samkomulagi um aðgerðir til þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar hér á landi með því að tryggja að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að fara í sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

Mikill fjöldi launafólks hefur að tilmælum yfirvalda farið í sóttkví sem felur það í sér að það getur ekki sótt vinnu auk þess sem öll samskipti eru takmörkuð. Slíkt felur í sér mikla röskun á högum og daglegu lífi. Miklir samfélagslegir hagsmunir eru fólgnir í því að sóttkví sé haldin og hægt á útbreiðslu veirunnar. Af þeim ástæðum verður að tryggja að það launafólk sem sætir sóttkví þurfi ekki að óttast um afkomu sína meðan á henni stendur.

Aðilar urðu því ásáttir um eftirfarandi:

1. Samtök atvinnulífsins munu beina þeim tilmælum til atvinnurekenda að laun verði greidd til einstaklinga sem sæta sóttkví að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda.
2. Alþýðusamband Íslands mun beina þeim tilmælum til aðildarsamtaka sinna að sjóðfélagar í sjúkrasjóðum þeirra sem sýkjast njóti óskertra greiðslna úr sjóðunum að tæmdum veikindarétti.

3. Stjórnvöld munu beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á lögum um sjúkratryggingar í þá veru að atvinnurekandi, sem greiðir launamanni sem sætt hefur eða mun sæta sóttkví laun, geti krafist sjúkratryggingar um endurgreiðslu kostnaðar að ákveðnu hámarki séu tiltekna aðstæður fyrir hendi eins og til dæmis að launamaður geti ekki sinnt vinnu heiman frá sér. Unnið verði að útfærslu á þeirri aðkomu stjórnvalda og gildistíma og stefnt var á að þeirra vinnu yrði lokið 13. mars sl. *Nánar má lesa um þessa útfærslu á heimasíðu félagsins, en blaðið var farið í prentun áður en hún lá fyrir.*

Meðan á sóttkví stendur reynir ekki á veikindarétt almenns launafólks, frekar en opinberra starfsmanna, en sjúkrasjóðirnir þurfa að vera reiðubúnir til að taka við þeim sem veikjast og tæma veikindarétt sinn af þeim ástæðum.

Drífa Snædal, forseti ASÍ, sagði eftir undirritunna að það væri mjög ánægjulegt að tekist hafi að eyða óvissu um afkomu fólks vegna COVID 19. „Þetta er eitt stærsta samfélagslega úrlausnarefnið í dag og við leggjumst öll á áramar til að minnka skaða eins og mögulegt er, fyrir einstaklinga sem lenda í sóttkví eða veikindum og okkur öll sem samfélag. Áð vera óviss um afkomu er ekki þolandi í þessu ástandi.“

Spurt og svarað

Á ég rétt til launa ef ég er settur í sóttkví?

Sátt tókst með ASÍ, SA og ríkisstjórninni að SA beini því til atvinnurekenda að greiða laun til starfsmanna í sóttkví en þeir geta síðan sótt um endurgreiðslu frá sjúkratryggingum. Sá tími sem launamaður dvelur í sóttkví gengur ekki á veikindarétt launamanns.

Hver er réttur minn til launa ef ég veikist af COVID-19?

Þá nýtir þú veikindarétt þinn hjá atvinnurekanda og að honum tæmd- um skapast réttur í sjúkrasjóðum stéttarfélaganna.

Ef ég er sett/ur í sóttkví, þarf ég þá að vinna heiman frá mér?

Ef það er hluti af almennum skyldum launamanns að vinna í fjarvinnu og ef honum eru útveguð þau tæki og tengingar sem til þarf, þá er það álit ASÍ að félagsmenn verði við því. Vandinn sem okkur er á höndum krefst þess að við leggjum okkur öll fram um að halda samfélaginu og atvinnulífinu gangandi.


Er ákvörðun um að vera í einangrun heima alfarið mín eða sameiginleg ákvörðun mín og vinnuveitenda míns?

Ákvörðun um sóttkví er tekin á grundvelli sóttvarnarlaga af viðeigandi yfirvöldum. Óski atvinnuveitandi eftir því að launamaður mæti ekki til starfa þó hann hafi ekki fengið fyrirmæli um að vera í sóttkví skal hann greiða launamanni full laun meðan á fjarvist stendur. Fólki sem sjálft ákveður að fara í sóttkví, gerir það á eigin áhættu og kostnað. Þeim sem eru í þessum hugleiðingum er ráðlagt að hafa samband við launagreiðanda og tryggja að fjarvist verði tekin af þessum ástæðum sem leyfi en ekki riftun á ráðningarsamningi.

Geta starfsmenn neitað að fá vinnufélaga í vinnu sem er að koma frá skilgreindu hættusvæði (t.d. Tenerife, Ítalíu eða Kína)?

Nei – en ekki er hægt að gera launafólki skylt að vinna með einstaklingi sem greindur hefur verið með smit eða sem yfirvöld hafa skipað að fara í sóttkví. Atvinnurekendum ber að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi starfsmanna sinna.

Hvað ef fólk sem treystir sér ekki í vinnu vegna kvíða vegna Covid-19 og fréttu af þróun mála?



Fólk sem sjálft ákveður að fara í sóttkví, gerir það á eigin áhættu og kostnað. Þeim sem eru í þessum hugleiðingum er ráðlagt að hafa samband við launagreiðanda og tryggja að fjarvist verði tekin af þessum ástæðum sem leyfi en ekki riftun á ráðningarsamningi.

Hvað geri ég ef atvinnurekandi óskar eftir að ég komi með læknisvottorð um að ég sé vinnufær?

Samkvæmt ákvörðun yfirvalda munu fyrirmæli sóttvarnarlæknis um að einstaklingur fari í sóttkví jafngilda læknisvottorði vegna fjarvista úr vinnu. Vottorð um vinnufærni yrði ekki gefið út í andstöðu við það.

Hvað ef barn er sett í sóttkví, hver eru réttindi foreldra til að vera heima?

Um það gilda reglur kjarasamninga um fjarvistir foreldra vegna veikra barna. Einnig geta réttindaákvæði sjúkrasjóðanna átt við eftir atvikum.

Ítarlegar upplýsingar um COVID-19 má finna á vef landlæknis.

VEIÐIKORTIÐ
2020

Hvar veiðir þú í sumar?

Sértilboð til félagsmanna á skrifstofu

www.veidikortid.is

TANNI TRAVEL
Reynsla – Metnaður – Skemmtun
Experience – Ambition – Fun

Tanni Travel
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is
+354-476-1399
www.tannitravel.is

www.meet2locals.is



Aðalfundir starfsgreinadeilda félagsins

Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingarlöju fóru fram fimmtudaginn 6. febrúar sl. í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Ágætt mæting var á fundina sem tókust mjög vel. Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Helga Hrönn Óladóttir, framkvæmdastjóri Streituskólans og Streitumóttökunnar á Norðurlandi, var með fyrirlesturinn Sigrast á streitunni – leiðir til lausna.

Að loknu mjög góðu erindi Helgu Hrnar var boðið upp á veitingar og er fundarmenn höfðu gert sér þær að góðu héldu deildirnar þrjár; Opinbera deildin, Matvæla- og þjónustudeildin og lónaðar- og tækjadeildin, sinn aðalfund hver á sínum stað í húsinu þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Í ár var kosið í öllum deildum til tveggja ára um embætti varaformanns og þriggja meðstjórnenda. Einnig var kosið um tvo meðstjórnendur til eins árs í lónaðar- og tækjadeildinni og einn í Matvæla- og þjónustudeildinni og í Opinberu deildinni.

Á fundunum þremur var happdrætti þar sem nöfn þriggja heppinna fundargesta úr hverri deild fyrir sig voru dregin út, s.s. níu vinningar í heildina. Aðalvinningur í hverri deild var helgardvöl í einu af orlofshúsum félagsins á Illugastöðum að vetri til. Einnig fengu tveir eintak af bók félagsins Til starfs og stórra sigra.

Matvæla og þjónustudeild

Í byrjun fundar flutti Tryggvi Jóhannsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Á fundinum var kosið um fimm af níu stjórnarmönnum deildarinnar.

Kosið var til tveggja ára um varaformann og þrjá meðstjórnendur, auk eins meðstjóranda til

eins árs. Sólveig Auður Þorsteinsdóttir bauð sig fram sem varaformaður og Guðmundur Guð-



mundsson, Börkur Þór Björgvinsson og Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson buðu sig fram sem meðstjórnendur til tveggja ára. Íris Eva Ómarsdóttir bauð sig fram sem meðstjórnanda til eins árs. Engin mótframboð bárust og því var listinn því sjálfkjörinn.

Fyrir í stjórn var Tryggvi Jóhannsson formaður, Sigríður Þ. Jósepsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Anna Guðrún Ásgeirsdóttir og Steinþór Berg Lúthersson.

Nýir í stjórn komu, Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson og Íris Eva Ómarsdóttir í stað Stefáns Aðalsteinssonar og Birnu Þórmundsdóttur.

Íðnaðar- og tækjadeild

Í byrjun fundar flutti Ingvar Kristjánsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Á fundinum var kosið um sex af níu stjórnarmönnum deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um varaformann og þrjá meðstjórnendur, auk tveggja meðstjórnenda til eins árs.

Svavar Magnússon bauð sig fram sem varaformaður og til meðstjórnenda til tveggja ára buðu sig fram Rannveig Kristmundsdóttir, Þormóður Sigurðsson og Símon Hrafn Vilbergsson. Til eins árs sem meðstjórnendur



niú stjórnarmönnum deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um varaformann og þrjá meðstjórnendur, en einnig þurfti að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs. Guðbjörg Helga Andrésdóttir bauð sig fram til varaformanns og til meðstjórnanda til tveggja ára buðu sig fram Ingibjörg María Ingvadóttir, Halldór Ari Brynjólfsson og Signý Aðalsteinsdóttir. Andreea Georgiana Lucaci bauð sig fram sem meðstjórnandi í eitt



ár. Engin mótframboð bárust og var listinn því sjálfkjörinn.

Fyrir í stjórn voru Sigríður K. Bjarkadóttir formaður, Anna Dóra Gunnarsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Tómas Jóhannesson og Þórhalla Þórhallsdóttir.

Ný í stjórn komu Signý Aðalsteindóttir og Andreea Georgiana Lucaci í staða Ásrúnar Karlsdóttur og Hrannar Vignisdóttur.



buðu sig fram Eggert Hákonarson og Halldóra Vilhjálmisdóttir. Engin mótframboð bárust og var listinn því sjálfkjörinn.

Fyrir í stjórn voru Ingvar Kristjánsson formaður, Gunnar Magnússon ritari og meðstjórnandinn Óðinn Björnsson.

Ný í stjórnina komu Eggert Hákonarson og Halldóra Vilhjálmisdóttir í stað Ólafs Ólafssonar og Hjartar Þórs Hjartarsonar.

Opinbera deildin

Að lokinni skýrslu stjórnar sem Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður deildarinnar, flutti var gengið til kosninga. Í ár var kosið um fimm af



Orlofsstaðir Einingar-löðu 2020



Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2020.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Boröbún.	Grill	Sjónvar.	H. pottur	Skiptidagar	Verð
Illugastaðir	45	6-8	umsjónm.	8	*	nei	já	8	gas	já	já	föstudagur	30.000
Einarstaðir	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	10	gas	já	já	föstudagur	30.000
Einarstaðir-úppgert hús	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	10	gas	já	já	föstudagur	25.000
Tjarnargerði	81	9	já	9	nei	nei	já	8-12	gas	já	já	föstudagur	35.000
Svignaskarð	75	8	já	8	nei	nei	já	8	gas	já	já	föstudagur	30.000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	nei	6	nei	nei	já	8	gas	já	**	föstudagur	27.000
Álalind 2, 203 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	já	nei	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 204 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	já	nei	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 303 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	já	nei	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 304 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	já	nei	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 405 Kópavogi	75	4	já	5	nei	nei	já	12	nei	já	nei	miðvikudagur	34.000
Ásholt 2, R.vík	108	6	já	7	nei	nei	já	8-10	nei	já	nei	miðvikudagur	34.000

Leigu- og skiptibústaðir

Munaðarnes	52	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	8	gas	já	já	föstudagur	30.000
Brekkuskógur	46	4-6	já	6	*	*	já	6-10	gas	já	já	föstudagur	30.000
Ölfusborgir	50	5+	já	7	*	nei	nei	8	gas	já	já	föstudagur	30.000
Bjarneyjarsandur	57	6+	já	8	*	já	já	12	gas	já	já	föstudagur	30.000
Úlfjótsvatn	55	5+	umsjónm.	8	nei	nei	já	10-12	gas	já	já	föstudagur	30.000
Húsafell	8		já	8	nei	nei	já	10	gas	já	já	föstudagur	30.000
Garðshorn	60	7+	nei	6	nei	nei	já	8	gas	já	nei	föstudagur	27.000
Stykkishólmur	65	5	já	5	nei	nei	nei	5	nei	já	nei	föstudagur	34.000
Súðavík		10	nei	10	nei	nei	nei	12	gas	já	nei	föstudagur	27.000
Klifabotn	50	6-8	já	8	nei	nei	nei	10-12	kola	já	nei	föstudagur	27.000

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni

** Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft, dýnur eða gestarúm.

Punktafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær vikur og síðustu viku sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.

Athugið!

**ÞAD ER BARA HÆGT AÐ SÆKJA UM Á RAFRÆNAN HÁTT
Á VEF FÉLAGSINS WWW.EIN.IS (ORLOFSHÚSAVEFUR)**

**You have to apply online for a holiday chalet or holiday grants
(„week of your own choice“) (Orlof að eigin vali)
on our webpage www.ein.is (Orlofshusavefur)**

**UWAGA! W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania
lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej.
www.ein.is (Orlofshusavefur)**

FÉLAGSMENN, TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ!

- BOÐIÐ UPP Á AKSTUR TIL AKUREYRAR - KAFFIVEITINGAR - HAPPDRETTI -





**Aðalfundur félagsins verður í
Menningarhúsinu HOFI á Akureyri
mánudaginn 4. maí kl. 19:30**

Einingar-Íðjufélagar athugið!

Í ár þarf að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á orlofshúsavefnum, sem er á www.ein.is



Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Ef þú hefur ekki virkjað rafræn skilríki eða fengið veflykil frá félaginu. Þá þarftu að sækja um aðgang að félagavefnum og fá sendan veflykil heim.



Ef þú lendir í vandræðum getur þú fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

Félagið er nú með til útleigu níu íbúðir á Höfuðborgarsvæðinu. Fimm nýlegar íbúðir í Kópavogi, í 5 hæða fjölbýlishúsi sem stendur við Álalind 2 í austurhluta nýs íbúðahverfis í Kópavogi. Félagið er einnig með fjórar íbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins á þrjár þeirra og eru þær notaðar sem sjúkraíbúðir. Orlofsíbúðirnar eru leigðar viku í senn og eru skiptidagar á miðvikudögum. Sjúkraíbúðirnar eru ætlaðar félagsmönnum sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Þær leigjast eftir því sem félagsmönnum hentar, en er ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Reykjavík

Félagið á tvær íbúðir í Ásholti 2 í Reykjavík. Önnur íbúðin er notuð sem sjúkraíbúð og er á 3. hæð. Hin íbúðin er á 4. hæð og er einstaklega glæsileg. Hún er fjögurra herbergja, 107 fermetrar að stærð.

ATH! Gengið er inn í húsið frá Laugavegi.

Sjúkrasjóður félagsins er einnig með tvær íbúðir í notkun í Söltúni 30. Íbúð sem er á 3. hæð er fjögurra herbergja, 87 fermetrar að stærð. Íbúð sem er á 2. hæð í húsinu er þriggja herbergja, 85 fermetrar að stærð.

Kópavogur

Félagið á fimm nýjar íbúðir í 5 hæða fjölbýlishúsi sem stendur við Álalind 2 í Kópavogi. Um er að ræða fjórar fjögurra herbergja íbúðir og eina þriggja herbergja íbúð. Sér bílastæði í bílakjallara fylgir hverri íbúð. Fjögurra herbergja íbúðirnar eru 96 fermetrar að stærð en þriggja herbergja íbúðin er 75 fermetrar.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Reykjavík - Kópavogur



Orlofshúabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Eining-löja á fjórtán orlofshús á Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага yfir sumarið í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal sem státar af náttúrefegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem hafa áhuga á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og litil verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglakóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Illugastaðir í Fnjóskadal



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott fri og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns. Ekki þarf að spyrja að náttúrefegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúru-perlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 Akureyri.

Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Austurland

Einarsstaðir á Héraði



Viðfræg veðurblíða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufergurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að full-yrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu.

Í orlofshúshverfinu á Einarsstöðum á Eining-löjja fjögur hús. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurblíðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta fríð í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum Austfirðinga eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Talnalásar eru á húsunum. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Klifabotn í Lóni



Orlofshúsasvæðið Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löjju. Þar ríkir enda skaftfellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-löjja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðsstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægífast og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Suðurland

Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúshverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin reynslu eða af afspurn. Það sama gildir um þetta svæði og önnur orlofshúsasvæði í Árnessýslunni að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.

Orlofshúsið sem félagsmenn Einingar-löjju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 m² að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu, svo sem sturta, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn, borðbúnaður fyrir átta manns, grill, útvarp, sjónvarp og svo það sem mörgum finnst orðið ómissandi í orlofinu; heitur pottur.

Knattspyrnuvöllur og leikaðstaða fyrir börn er sameiginleg á svæðinu.

Úr Ölfusborgum er stutt til margra þorpa og kaupþúna á Suðurlandi. Eins eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði, sem er rétt hjá orlofssvæðinu. Þar er sundlaug með vatnsrennibraut og blómaverslanir. Ölfusborgir eru í Ölfushreppi í Árnessýslu. Þaðan er mikið og fallegt útsýni yfir undirlendið á Suðurlandi.

Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Ölfusborgir



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðvegnum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins. Við bústaðinn er gestahús.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og gestahús. Svefnpláss fyrir 6 til 8 manns.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Garðshorn í Ölfusi



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallett umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr frínu sínu.

Eining-löja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi. Annað húsið kallast A-hús, en hitt kallast C-hús. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti og aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúsahverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem meðal annars er sjónvarp, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Litill leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnæssýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Brekkuskógur í Biskupstungum



Úlfjótsvatn



Eining-löja býður félögum sínum til leigu sumarhús við suðurenda Úlfjótsvatns, í aðeins 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Tvö svefnherbergi eru í húsinu auk svefnlofts. Það er búið öllum venjulegum eldhúsbúnaði, auk þess útvarpi, sjónvarpi, gasgrilli og heitum potti. Sundlaug er í nágrenninu.

Gönguleiðir eru margar og vinsælar um allt nærliggjandi svæði. Þær eru mjög skemmtilegar, nokkuð grónar og margt að sjá. Í góðu veðri má sjá vítt og breitt en mjög fallett útsýni er á þessum slóðum.

Frá Úlfjótsvatni er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða, svo sem Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugarvatns og fleiri staða.

Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Dýrahald bannað!



Að gefnu tilefni hefur verið sett inn í leigusamning að **stranglega er bannað að hafa með sér hunda eða önnur gæludýr í orlofshús eða íbúðir félagsins. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli vegna brots á þessari reglu.**

Framvegis verður krafist greiðslu að upphæð kr. 25.000 verði þessi regla brotin.



Súðavík



Um er að ræða gamalt einbýlishús. Í stofu er sófasett, svefnsofi og sjónvarp ásamt öðrum húsbúnaði. Eldhúsið er fullbúið og borðbúnaður fyrir 12 manns. Svefnpláss er fyrir 10 ásamt sængum og koddum.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta frið sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja.

Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að auðvelt er að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þegar dvalið er í Súðavík.

Athugið! Leyfilegt er að hafa gæludýr.

Lyklar: Upplýsingar eru á leigusamningi.

Flókalundur í Vatnsfirði



Líklega þekktu færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmis önnur svæði á landinu - en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök! Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabíl verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fótímal í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð við sundlauginu og þar má nálgast lykla að húsinu.

Vesturland

Stykkishólmur



Um er að ræða íbúð í raðhúsi, um 65 m² að stærð. Á neðri hæð er hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi, gestaherbergi með rúmi og baðherbergi/wc með sturtu. Á efri hæð er stofa/borðstofa og eldhús í samfelldu rými svo og lítið gestaherbergi með svefnsofa, samtals svefnpláss fyrir fimm.

Í stofu er sófi, tveir sófastólar og borðstofusett með fimm stólum. Út frá efri hæð eru svalir með svalarhúsgögnum.

Í nágrenninu er hægt að stunda afþreyingu á borð við gönguferðir. Golfvöll er að finna í 1,1 km fjarlægð frá gististaðnum.

Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Þarna eru því margir möguleikar á styttri og lengri ferðum fyrir dvalargesti.

Lyklar eru í lykklaskáp við húsið.

Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumarvalarstaður. Þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum og ganga má að gæðunum vísum en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúshverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúshverfa er í Svignaskarði. Húsið er glæsilegt, 75m² með öllum helstu þægindum og heitum potti. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvellir eru í hverfinu og mínigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru. Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur eru nokkrar í næsta nágrenni. Þá er víða hægt að kaupa ódýr veiðileyfi í vötn í nágrenninu.

Ferðir á Langjökul njóta einnig vinsælda og þannig mætti lengi telja. Borg á Mýrum og Reykholt eru meðal þekktustu staða Íslandssögunnar og Grábrókarhraun, Hreðavatn, Baula, Barnafossar, Surtshellir, Glanni og Paradísarlaut eru meðal helstu náttúruperla landsins.

Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem lykklar eru afhentir.

Svignaskarð í Borgarfirði



Orlofshúshverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.


Eining-lðja hefur til umráða eitt hús í Munaðarnesi. Heitur pottur er við húsið. Það sem fram kemur í umfjöllun um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um orlofshúsið sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi.

Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúshúshverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúshverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins.

Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufyrirbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.

Talnalás er á húsunum. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Munaðarnes Borgarfirði



Útilegu- og veiðikort

Sumarið 2020 býður Eining-lðja félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið og Veiðikortið á sérkjörum. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Með nýjum Orlofshúsavef verður í boði að kaupa kortin á netinu og fá þau send heim en einnig verður áfram hægt að koma á skrifstofurnar og kaupa þar kort.

Útilegukortið - verð til félagsmanna er kr. 12.900



Útilegukortið gildir á viðkomandi tjaldsvæðum á meðan tjaldsvæðin eru opin fyrir almennung.

Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinguætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því

hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Ath! gistinguáttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Veiðikortið - verð til félagsmanna er kr. 4.000.



Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 34 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaut við mörg þeirra.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is

Húsafell



Í húsinu eru tvö svefnherbergi, hjónaherbergi, herbergi með hjónarúmi og einni koju fyrir ofan, og svefnloft með dýnum, stofa með eldhúskrók og baðherbergi. Í húsinu er svefnpláss fyrir 8 manns. Góð verönd með heitum potti er við bústaðinn.

Stutt er í næstu verslun og einnig er stutt í sund.

Geymsluskúr er við bústaðinn, þar sem geymdir eru sólstólar, borð og grill.

Hægt er að vera með fellihýsi eða tjaldvagn við húsið.

Athugið! Leyfilegt er að hafa gæludýr.

Lyklar eru afhentir á staðnum.

Bjarteyjarsandur í Hvalfirði



Sumarhúsið er vel útbúið að innan og með heitum potti, stórrí verönd og útigrilli. Það er í fjallshlíð mót suðri og er útsýnið afar fagurt. Góðar gönguleiðir eru í nágrenninu og leiðsögn fánleg í styttri og lengri ferðir.

Hvalfjörður er djúpur og svipmikill fjörður inn af Faxaflóa – friðsæl náttúruperla steinsnar frá höfuðborginni. Möguleikar til útivistar og náttúruupplifunar eru miklir og fjölbreyttir – og hér lúrir sagan við hvert fótstí. Glymur, hæsti foss landsins, er í botni fjardarins, tignarlegur og mikilfenglegur. Í Hvalfirði er fjölbreytt þjónusta, gistaðir, veitingastaðir og söfn. Á vefnum VisitHvalfjorur.is eru upplýsingar um ferðaþjónustu og athyglisverða staði í Hvalfirði. Á vefnum west.is er að finna mikið af góðum upplýsingum um ferðalög og afþreyingu á Vesturlandi. Á vefnum Touchiceland.is eru upplýsingar um skipulagðar ferðir um Hvalfjörð og nágrenni.

Lyklar eru afhentir á staðnum.

Gott að hafa í huga...

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma! Ef einhver töf verður er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu. Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Umgengni

Orlofshúsin eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sam- einumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja né veipa ekki inn- anhúss. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Reyskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í stað- inn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.

Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður

verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í orlofshúsum eða orlofsíbúð- um Einingar-löju. Dæmi eru um að slæm ofnæmistifelli hafi komið upp í kjölfar slíks. Brot á þessu varðar tafarlausri brottvísun úr húsum eða íbúðum auk greiðslu sektar upp á kr. 25.000.

ATH! Leyfilegt er að hafa gæludýr í Súðavík og í Húsafelli

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600.

Ábyrgð

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbylgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1-2, loka gluggum og hurðum vandlega og skila lykli á sinn stað. Komið ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, til umsjónarmanna eða á skrifstofu Einingar-löju.

Fræðslustyrkir geta numið allt að kr. 130.000 kr. á ári



Vert er að minna félagsmenn á að stjórnir sjóðanna Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar samþykktu í desember að hækka hámark einstaklingsstyrkja á ári úr kr. 100 þúsund í kr. 130 þúsund. Þar sem samþykkt var að hækka frá og með síðustu áramótum hámark einstaklingsstyrkja í kr. 130.000 hækkar einnig hámark á uppsöfnuðum rétti til styrks í kr. 390.000. Hækkunin tók gildi frá og með 1. janúar 2020 og gildir gagnvart því námi sem hófst frá og með þeim tíma. Eining-löja hvetur félagsmenn sína, sem hyggjast sækja námskeið eða er í námi til að kanna rétt sinn á einstaklingsstyrkjum í gegnum þessa þrjá fræðslusjóði sem félagið er aðili að.

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. sex mánuði af síðustu 24 og greitt til félagsins á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms. Einnig þarf að greiða til félagsins meðan á námi stendur. Við ákvörðun upphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða, en félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða meira gefur fulla styrkuppþæð. Umsókn þarf að berast til félagsins innan 12 mánaða frá dagsetningu reiknings.

Fræðslustyrkir félagsins geta numið allt að kr. 130.000 á ári ef viðkomandi er í fullu starfi, þó að hámarki 75% af kostnaði. Hjá Landsmennt er aldrei greitt meira en sem nemur 75% af heildarkostnaði við hvert námskeið, en þeir sem tilheyra Ríkismennt og Sveitamennt eiga rétt á 90% endurgreiðslu af heildarkostnaði þegar um er að ræða nám sem félagsmaður ákveður að fara í og er í beinu samhengi við starf viðkomandi.

Tómstundanám

Sjóðirnir veita styrki vegna tómstundanám-skeiða ýmskonar og er endurgreiðsla vegna þeirra 75% af kostnaði en aldrei hærra en kr. 30.000 á ári og dregst jafnframt af heildarupp-hæð einstaklingsstyrks þess árs

Uppsafnaður réttur; aukinn styrkur til náms

Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjá ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfelt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna. Ferðakostnaður vegna náms getur að hámarki orðið kr. 130.000 sem hluti af kostnaði náms/námskeiðs í þessu tilviki. Greiðslur til sjóðsins þurfa að hafa borist sjóðnum að lágmarki í 30 mánuði af síðustu 36 mánuðum

fyrir dagsetningu umsóknar.

Með umsókn um styrk skal skila reikningi sem er á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeiðslysing, nafn og kennitala fræðsluaðila. Ef ekki kemur fram staðfesting á greiðslu á reikningi þarf að skila til viðbótar staðfestingu á greiðslu, t.d. úr heimabanka eða greiðslukvittun frá viðkomandi skóla/fyrirtæki. Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða.

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, ein@ein.is eða 460 3600, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, www.ein.is undir sjóðir og styrkir og á heimasíðum sjóðanna www.landsmennt.is, www.ríkismennt.is og www.sveitamennt.is.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

Samningur um starfstengda símenntun

Ekki er síður vert að minna félagsmenn á samning sem SÍMEY gerði við starfsmenntunarsjóðina Sveitamennt, Ríkismennt um starfstengda símenntun. Með samningnum var tekið fyrsta skrefið í átt að auknu og markvissu samstarfi á milli aðilanna í þágu þekkingaröflunar starfsmanna og sveitarfélaga og ríkisstofnana á Norðurlandi.

Þessi samningur þýðir að sjóðirnir munu greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga og ríkisstofnana, stofnana þeirra og sjálfseignastofnana sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt. Hér er um að ræða þátttöku starfsmanna í starfstengdum námskeiðum sem skipulögð eru af SÍMEY.

Félagsmenn í Einingu-löju sem eiga aðild að Ríkismennt og Sveitamennt geta því sótt námskeið hjá SÍMEY og greiða sjóðirnir fyrir þátttöku þeirra að fullu.

Athugið að þátttaka mun ekki skerða einstaklingsstyrki starfsmanna í starfsmenntasjóðum.



Þinn eigin framkvæmdastjóri

Í upphafi aðalfunda deilda félagsins þetta árið var sameiginleg dagskrá eins og alltaf. Helga Hrönn Óladóttir, framkvæmdastjóri Streituskólans og Streitungótökunnar á Norðurlandi, var þar með erindi. Fundargestir voru mjög ánægðir með erindi hennar sem bar nafnið Sigrast á streitunni – leiðir til lausna. Tíðindamaður blaðsins var einn af þessum fundargestum og fannst erindið það áhugavert að Helga Hrönn var beðin um að rita grein í blaðið og má finna hana hér fyrir neðan.

Öll eigum við það sameiginlegt að vilja ná árangri en á hverju byggjum við hugmynd okkar um árangur? Farsælast er að byggja væntingar ofan á styrkleika okkar því ef við tengjum árangur við áætlanir sem byggðar eru á veikleikum okkar, þá getur verið erfitt að ná framúrskarandi árangri. Ástæða þess að ég harkaði óþarflega mörg ár í viðskiptafræði á sínum tíma var að ég ætlaði samt að ná sögulegum árangri í námi. Þarna lágu einfaldlega ekki mínir styrkleikar en ég áttaði mig á því löngu síðar. Ég reyndi að feta „öruggu“ leiðina í stað þess að fylgja eðlislægum löngunum mínum og styrkleikum. Við þurfum þó að hafa í huga að rót styrkleika og áhugasviðs okkar er ólík.

Ef þú ert á krossgötum þá spyr ég þig; „Hvað þykir þér skemmtilegt að gera, hvar nærðu að vera þú sjálf/ur, hvar nærðu að gleyma stað og stund og nýtur hvernar mínútu?

Þar átt þú heima. Áhugasvið þitt getur leitt þig hálf leiðina. Ég hvet þig sem þinn eigin framkvæmdastjóra að fara í „vörutalningu“. Hverjir eru kostir þínir? Styrkleikar þínir? Hverjar eru þínar dýpstu langanir? Hverju hefur þú afkastað sem hefur veitt þér gleði?

Ef við göngum á skjön við eigin rödd getur gangan orðið okkur þrautinni þyngri og erfiðara að upplifa hugarró. Við þurfum því að hlusta eftir okkar innri röddu og taka stjórnina á hugsunum okkar, vonum og væntingum. En hvað gerist þegar við finnum ekki hugarró? Þegar hugurinn



Helga Hrönn Óladóttir.

virðist þvælast eins og þvottur í þurrkara, hring eftir hring. Þegar við upplifum alheiminn á móti okkur og öll sund lokuð? Einmitt þá neyðumst við til að hlusta eftir innri röddinni og einmitt þá öðlumst við nýja sýn.

Allir eiga sína innri rödd en stundum er hún svo veik að erfitt er að hlusta. Á fyrirlestur mínum í Streituskólanum og handleiðslum á Streitungótökunni fjalla ég mikið um viðhorf okkar og listina að blómstra í starfi. Það sem við veitum athygli vex, hvort sem um ræðir neikvæðni, jákvæðni, erfiðleika, árangur, langanir eða upplifanir. Þáttakendur kinka yðulega kalli þegar ég bendi þeim á að við höfum val. Við höfum val um það hvert við beinum athygli okkar.

Algengur streituvaldur í lífi fólks er samanburður við aðra og óraunhæfar kröfur til sjálfs síns. Við eigum það til að telja okkur vera fullfær um allt. Fyrsta skrefið er því að setta sig við að vera ekki framúrskarandi í öllu, það er það enginn. Staðreyndin er sú að allir eru að gera sitt besta. En af hverju virðist þessi ráða við meira álag en hinn? Álagspoli okkar mætti líkja við fingrafar. Við berum öll okkar fortíð. Áföll og aðrar áskoranir sem við höfum gengið í gegnum

geta dregið úr þoli okkar fyrir áreiti og því er samanburður við næsta mann ekki raunhæfur né sanngjarn. Verum mildari við okkur sjálf og þökkum niður orðasamböndunum á borð við „ég ætti að...“ og „ég þarf að“. Þau er einvörðungu til að ýta undir niðurrif og draga úr framkvæmdargleði. Temdu þér frekar að segja „ég ætla að“ og „ég fæ að“. Við berum ábyrgð á því hvar og hvenær við setjum okkur mörkin. Mörk þess hvernig við leyfum okkur að hugsa. Þegar við missum tókin á huganum og veitum neikvæðninni athygli, þá er algengt að fara að leita hróss annarra. Hvers vegna leitum við uppþótar með þeim hætti? Þurfum við kannski að fyrirgefa okkur sjálfum og byrja á að hrósa inn á við. Öðruvísi munum við aldrei taka utanaðkomandi hrósi með uppbyggjandi hætti.

Við getum ekki afsalað okkur ábyrgðinni á eigin lífi. Þú ert framkvæmdastjórinn. Það eru allskyns upplifanir og áskoranir sem móta okkur, en þegar upp er staðið þá berum við ein ábyrgð á okkur sjálfum, alltaf og alls staðar. Stundum teljum við okkur vita hvað er öðrum fyrir bestu. Þar stendur hnifurinn í kúnni því aðeins við sjálfvitum hvað er okkur fyrir bestu.

Ég hvet ykkur til að lofa huganum að vera með ykkur í líði og eins að passa upp á hvíld. Í því hraða samfélagi sem við lifum í er mikilvægt að vera meðvitaður um streituvaldana í umhverfi okkar og búa til stundir þar sem við náum að endurnærast og hlaða okkur sjálf rétt eins og öll tækin sem fylgja okkur. Þegar síminn er batteríslaus þá munum við ekki hvert við eigum að mæta. Það sama gerist í heilanum þegar álagið hefur verið of mikið til lengri tíma og við höfum ekki náð að hvíla okkur, við finnum að minnið dvínar. Þegar ástandið hefur verið óbreytt til lengri tíma þá fer fljótt að halla undan félagslegri, líkamlegri og andlegri heilsu.

Enn og aftur, þitt er valið að vera á öðru hundraðinu í hamstrahjólínu eða vera þinn eigin framkvæmdastjóri, elta áhugann, drauma og þrár og lifa lífinu streitulaus. Stundum þurfum við að færa fórnir til að geta lifað sátt og streitulaus.

Með því að upplifa sátt í eigin skinni, eftir eigin innsæi, starfa við áhugasvið okkar og styrkleika, passa upp á nætursvefn og daghvíld, þá munt þú ná árangri í starfi sem og þinni eigin framkvæmdastjórn.

Helga Hrönn Óladóttir,
umdæmisstjóri Streituskólans
& Streitungótökunnar á Norðurlandi.

Streituskólinn

Fræðsla fyrir fyrirtæki, stofnanir og aðra hópa

Streitungótökan

Einstaklingsráðgjöf á Læknastofum Akureyrar

Bókanir & fyrirspurnir: helga@stress.is

Holiday matters

The first issue of this year's union magazine is devoted to matters pertaining to holidays and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to its members. Members may apply for the rental of a holiday chalet for one week at a specified location and since many often apply for the same location, it is a good idea to apply for different places and/or times as alternative options, up to six of which are permitted.

The holiday chalets are then allotted based on a credit system which the union has developed. Each member who pays to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice.

Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies per time and other factors. Unfortunately, there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of Iceland on page 12. The deadline for applying for holiday chalets is April 2.

Online application You have to apply online for a holiday chalet or holiday grants („week of your own choice“) on our webpage www.ein.is (Orlofshúsavafur). You use your online identity card („rafræn skilríki“) or „Íslykil“ to log in.

If you have any problems our staff at the office Eining-löjla will be glad to assist you.



A week of your own choice

Eining-löjla has decided to spend up to kr. 7,500,000 on an item entitled „A week of your own choice“ during 2020. Union members can apply for 300 such grants, to the amount of kr. 25,000 each; the grants are allotted on the same basis as the holiday chalets. The deadline for applying „A week of your own choice“ is April 2.

The grant may be used, for example, to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is, as indicated above, kr. 25,000 with the provision that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted for those who make use of the total grant and proportionally for lower amounts. The grants are payable after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out. „A week of your own choice“ is effective until the end of the

year. That means that those who are allocated need to bring invoices or tickets for next year to get reimbursed.

PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices!

The right to take a summer vacation

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on the condition that the employee proves by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

We wish all our union members a pleasant holiday and ask at the same time, to take good care of the houses. Remember that these houses and facilities are owned by the union members and therefore, they should always leave the houses in good, clean condition.

Sjálfkjörið í stjórn félagsins

Fimmtudaginn 20. febrúar sl. rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2020-2021. Ekki bærust tillögur eða listar aðrir en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörin. Listi trúnaðarráðs tekur því við félaginu á næsta aðalfundi, sem fram fer mánudaginn 4. maí nk. kl. 19:30 í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri.

Anna Júlíusdóttir mun því áfram verða varaformaður félagsins og Sigurpáll Gunnarsson verður áfram meðstjórnandi.

Mikil ánægja hefur ríkt með störf stjórnar félagsins í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Á hverju ári sér Gallup um framkvæmd slíkrar könnunar fyrir félagið þar sem 1.500 félagsmenn eru spurðir ýmissa spurninga, m.a. um viðhorf til stjórnar og þjónustu félagsins. Tæplega 97% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-löjlu og 97,5% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löjlu þegar á heildina væri litið. Þetta eru aðeins betri niðurstöður en á síðustu árum.

Sprawy urlopowe

UWAGA! W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej.

W tym wydaniu naszego biuletynu informacyjnego piszemy głównie o sprawach urlopowych dotyczących m.in. domków i mieszkań, które związek zawodowy „Eining-Iðja” ma do zaferowania swoim członkom w nadchodzącym okresie letnim.

Członkowie naszego związku mogą ubiegać się o przydzielenie domku lub mieszkania na jeden tydzień w nadchodzącym okresie letnim. Oferowana jest także dopłata do tkz. "Tygodnia według własnego wyboru" („Orlof að eigin vali”). Jako, że wiele osób ubiega się o przydział domków lub mieszkań w tych samych miejscach i tym samym czasie, to zachęcamy do zróżnicowania swoich preferencji dotyczących wyboru. Chcielibyśmy zwrócić uwagę, że oferujemy 10 różnych możliwości wyboru zarówno miejsca jak i tygodnia.

Przy okazji chcemy przypomnieć, że członkowie naszego związku, którzy wynajmują mieszkania lub domki ponoszą pełną odpowiedzialność za wszystkie podążające za wymienionymi nieruchomościami przedmioty i urządzenia; takie jak meble, wyposażenie wnętrza, urządzenia kuchenne itd.

Przed opuszczeniem domku konieczne jest jego dokładne posprzątanie.

Sprzątanie mieszkań należących do naszego związku w Reykjavíku i Kópavogur jest wliczone w koszty ich wynajęcia, ale oczywiście należy oddać mieszkanie w schludnym stanie.

Tydzień według własnego wyboru

Związek Zawodowy Eining-Iðja postanowił zarezerwować sumę do wysokości 7.500.000 koron na program pod nazwą “Tydzień według własnego wyboru” w roku 2020. Członkowie związku mogą ubiegać się o 300 tego rodzaju dofinansowań, każde do sumy 25.000 koron. Przydział dofinansowań opiera się na tych samych zasadach, co przydział domków wypoczynkowych. Pieniądże można użyć np. do wynajęcia domku wypoczynkowego, pokoju w hotelu lub przyczepy kempingowej; można także wykorzystać pieniądze do finansowania sobie podróży w czasie urlopu w kraju lub za granicą – według własnego życzenia. Maksymalna kwota na każdego członka związku wynosi – jak wcześniej zaznaczono – 25.000 koron, ale nie więcej niż 50% poniesionych kosztów.

Członkom związku, którzy użyją całej sumy zostanie odjętych 18 punktów; użycie mniejszej sumy spowoduje proporcjonalnie odjęcie mniejszej ilości punktów. Wypłata dofinansowania odbywa się po zakończeniu podróży, a członkowie związku muszą przedstawić rachunki za pobyt lub podróż.

“Tydzień według własnego wyboru” jest skuteczne do końca roku. Oznacza to, że ci, którzy są przydzielane potrzebę wprowadzenia faktur lub bilety na następny rok, aby uzyskać zwrot.

Uwaga! Rachunek należy okazać na legalnym formularzu zawierającym numer VAT (VSK.)!

Podania w formie elektronicznej

W tym roku o przyznanie mieszkań, domków lub dopłat należy ubiegać się w formie elektronicznej na stronie domowej naszego związku: www.ein.is (Orlofshúsavefur)

W biuletynie zostaną natomiast zamieszczone informacje o oferowanych do wyboru możliwościach oraz instrukcje w formie graficznej mające ułatwić zrozumienie procedur wypełniania podań.

Dostępu do stron zawierających informacje jest możliwy na podstawie wylegitymowania się elektronicznym dokumentem tożsamości lub używając lub używając "Íslykil".

W wypadku wystąpienia trudności przy składaniu podań oferujemy Państwu pomoc w biurach naszego związku.

Zasady działania systemu punktowego

Aby zapewnić maksymalnie sprawiedliwy sposób przydzielania mieszkań, domków i dopłat w okresie urlopowym używany jest tkz. system punktowy, który z biegiem czasu sprawdził się dobrze. Każdy członek otrzymuje jeden punkt za każdy miesiąc w którym opłacił składki na rzecz związku.

Członkowie, którzy mają zgromadzoną największą ilość punktów w czasie rozpatrywania podań brani są pod uwagę w pierwszej kolejności jeśli o dane mieszkanie, domek lub dopłatę ubiega się większa ilość osób.

W przypadku przyznania danemu członkowi związku wyżej wspomnianego prawa do pobytu lub otrzymania dopłaty, od ogólnej sumy zgromadzonych przez niego punktów odejmuje się określoną ich ilość, tak aby jego pozycja na liście ubiegających się uległa przesunięciu w dół. Oczywiście płacąc regularnie składki członkowskie gromadzi on nadal punkty i zapewnia sobie w następnym roku możliwość ponownego ubiegania się o prawo pobytu w mieszkaniu, domku lub otrzymania dopłaty.

Ilość odejmowanych punktów jest różna w zależności od czasu i rodzaju wynajmowanych nieruchomości. Nie są odejmowane punkty za używanie mieszkań lub domków w okresie zimowym.



Wynajem w okresie zimowym

Chociaż lato tradycyjnie jest okresem urlopowym to także inne pory roku brane są pod uwagę, a wiele osób zachowuje część należnych im dni wolnych do wykorzystania jesienią lub w zimie.

Warto tutaj wskazać na 6 atrakcyjnych możliwości wynajmu, które oferowane są dla naszych członków także poza tradycyjnym okresem urlopowym. Mamy tutaj na myśli wynajem domków w Illugastaðir, Tjarnargerði, Svignaskarði i w Einarstaðir, a także mieszkań w Reykjavíku i Kópavogur.

Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić

przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Czy podpisałeś/podpisałaś umowę o pracę?

Wszyscy rozpoczynający pracę powinni zawrzeć pisemną umowę o pracę, która zawierać będzie informacje o czasie jej obowiązywania, określenie stanowiska pracy, okres wypowiedzenia umowy, wysokość wynagrodzenia, wymiar zatrudnienia, określenie długość dnia pracy, do którego funduszu emerytalnego wpłacane są składki oraz na podstawie jakiej umowy zbiorowej umowa ta została zawarta.

UWAGA!

Wszystkie sprawy, którymi zajmuje się nasz związek są poufne.

Stoimy na straży przestrzegania Twoich/Waszych praw!

Eining-Íðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



Deloitte.



Alþýðusamband Íslands



DALVIKURBYGGÐ



Grýtubakkahreppur



sæplast



SAMHERJI HF



Nýr samningur við sveitarfélögin

Í febrúar samþykktu félagsmenn með miklum meirihluta nýjan kjarasamning við sveitarfélögin. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023.

Helstu atriði samningsins eru sem hér segir:

- ▶ Laun hækka um 90.000 kr. á tímabilinu 1. janúar 2020 til 1. janúar 2022. Þann 1. janúar 2023 hækka laun í samræmi við hækkunarir á almennum vinnumarkaði.
- ▶ Lágmarksorlof hjá öllum starfsmönnum verður 30 dagar.
- ▶ Markviss skref til styttingar vinnuvikunnar. Frá 1. janúar 2021 styttest vinnuvikan um samtals 65 mínútur fyrir fólk í fullu starfi.
- ▶ Vegna þess hversu lengi það dróast að gera kjarasamning fengu félagsmenn greidda eingreiðslu, upp á samtals 195.000 kr., miðað við fullt starf tímabilið 1. apríl til 31. desember 2019. Til frádráttar kemur 125.000 kr. innagreiðsla frá því í október 2019.
- ▶ Persónuuppbót sem greiðist 1. maí ár hvert



Á annað hundrað félagsmenn mættu á kynningarfund sem fram fór í Hofi um nýja kjarasamninginn.

og nemur 50.450 kr. fyrir fullt starf árið 2020.

- ▶ Desemberuppbót hækkar úr 115.850 kr. árið 2019 í 124.750 kr. árið 2022.
- ▶ Launagreiðandi greiðir mánaðarlega 1,5% af heildarlaunum í félagsmannasjóð. Úthlutun úr sjóðnum verður 1. febrúar ár hvert. Starfsmaður í fullu starfi fengu því kr. 61.000 við

næstu útborgun eftir að samningur var samþykktur. Starfsmenn sem eru ekki í fullu starfi fá greiðslu miðað við starfstíma og starfshlutfall.

- ▶ Tekið var upp nýtt ákvæði að félagsmenn sem starfað hafa samfellt í 3 ár geta fengið launað leyfi í samtals í þrjá mánuði til að stunda viðurkennt starfsnáám.

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löjja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí. Orlofsuppbótin árið 2020 miðað við þá sem eru í 100% starfi er:

Almenni markaðurinn: kr. 51.000

Ríki: kr. 51.000 (ATH! Kosning stendur yfir um nýjan kjarasamning við ríkið og því er ekki búið að samþ. þessa upphæð)

Sveitarfélögin: kr. 50.450

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is má finna töflu sem sýnir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Punktakerfið tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-löjju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram eftir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:

24 punktar fyrir tvær fyrstu og síðustu sumarvikuna.

36 punktar fyrir aðrar sumarvikur.

Allt að 18 punktar fyrir „Orlof að eigin vali“.

Væntanlegt á skjá nálægt þér... ;-)





Bjarg íbúðafélag - Gudmannshagi - opið fyrir umsóknir

Opið er fyrir umsóknir vegna 31 íbúðar við Gudmannshaga 2 á Akureyri, sem Bjarg íbúðafélag er með í byggingu. Byggingin er fjöleignarhús. Að litlum hluta tveggja hæða með stigahúsi en aðallega þriggja hæða með lyftu og stigahúsi.

Upphaf leigu verður haust 2020 og vetur 2020/2021. Opið er fyrir umsóknir út mars 2020.

Til að koma til greina við úthlutun þarf að senda inn umsókn í gegnum „mínar síður“ á heimasíðu Bjargs. Umsókn um íbúð er í tveimur skrefum og ekki er nóg að vera með skráningu á biðlista, heldur þarf að haka við staðsetningu/staðsetningar sem óskað er eftir.

Hvaða skilyrði þarf ég að uppfylla til að geta fengið úthlutun?

- Þú þarft að vera orðinn 18 ára, skráður og virkur á biðlista hjá Bjargi og með skráða umsókn.
- Þú þarft að hafa verið félagsmaður aðildarfélaga ASÍ eða BSRB í a.m.k. 21 mánuð, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun og vera virkur á vinnu-markaði.
- Þú þarft að vera undir ákveðnum tekju- og eignamörkum við upphaf leigu og greiðsluþyrði leigu skal að jafnaði ekki fara umfram 25%-30% af heildartekjum að teknu tilliti til húsnæðisbóta, barnabóta og meðlags.

Nánari upplýsingar um íbúðirnar sem nú eru í boði má finna á heimasíðu Bjargs, www.bjargibudafelag.is



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.


Nánar á asi.is/klukk



Now also in English



Teraz także w języku polskim



Esomeprazol Actavis

– dregur úr einkennum sýrubakflæðis

Esomeprazol Actavis 20 mg, 14 og 28 sýrubolnar töflur. Hver tafla inniheldur 20 mg af virka efni esómeprazóli og tilheyrir flokki prótónpumpuhemla. Þeir verka með því að minnka framleiðslu síru í maga. Lyfið er ætlað sem skammtímameðferð hjá fullorðnum við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypta skal töfluna heila með sopa af vatni, með mat eða á fastandi maga. Ekki skal tryggja eða mylja töfluna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.**